



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Bjartahlíð

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Leiðarljós Björtuhlíðar	3
2	Greinargerð leikskólastjóra	4
3	Innra mat	6
4	Ytra mat	19
5	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	21
6	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	22
7	Foreldrasamvinna.....	22
8	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	23
9	Fylgigögn.....	24
9.1	Þróunarverkefni „Áfram við „ innleiðing nýrrar menntastefnu.	24
9.2	Vísindaleikir Varmi , þróunarverkefni.....	24
9.3	Skýrsla námsferðar starfsfólks Björtuhlíðar	24
9.4	Umsögn foreldraráðs.....	24



1 Leiðarljós Björtuhlíðar

Í Björtuhlíð er lögð áhersla á að skapa lýðræðislegt og hvetjandi skólasamfélag.

Leikskólinn er vettvangur þar sem nýttar eru fjölbreyttar leiðir og tækifæri til að efla alhliða þroska einstaklingsins í leik og starfi. Starfsfólk Björtuhlíðar hefur valið sér þrjú gildi sem leikskólinn stendur fyrir þau eru: Gleði, samvinna, jákvæðni.

2 Greinargerð leikskólastjóra

Í heildina gekk skólaárið vel. Almenn ánægja er með nýtt viðverukerfi Völu sem tekið var í notkun á haustmánuðum. Starfsmenn í Björtuhlíðar tóku þátt í mótun nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“

Bjartahlíð sótti um styrk til innleiðingar nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar. Við völdum að byrja á Sjálfseflingu og fengum styrk úr A-hluta þróunarsjóðs SFS til að vinna það verkefni. Einnig sóttum við um styrk úr B- hluta þróunarsjóðs ásamt leikskólanum Stakkaborg í samvinnu við Hauk Arnason dósent í HÍ. Umsóknin er um innleiðingu vísindaleiks og heitir „Vísindaleikir – Varmi og hitastig“

Bjartahlíð verður þáttakandi í Erasmus verkefni ásamt fjórum öðrum löndum. Verkefnið er til tveggja ára og mun hefjast haust 2019. Verkefnið mun fyrst og fremst vera unnið með elstu börnum leikskólans. Verkefnið heitir STEAM; Surfing the European Artistic Monuments. Verkefnastjóri verkefnisins er Dýrleif Ingvarsdóttir.

Áætlun um þessi verkefni er sem fylgigögn 1 - 3

Þetta var fyrsta árið með skipulagða ungbarnadeildir í Björtuhlíð í Stakkahlíð. Gerðar voru umtalsverðar breytingar bæði á húsnaði og búnað, einnig á skipulagi.

Sú áætlun um breytingar sem við lögðum af stað með vegna ungbarnadeilda gekk vel upp. Það var mikið ígundað og allan veturinn var símat í gangi. Áhugasamir og duglegir kennarar unnu þessar breytingar mjög vel. Öllum var það ljóst að í breytingaferlinu er starfsemin viðkvæm og styðja þurfti vel við það sem stefnt var að. Ég tel að ávinningur breytinganna sé í alla staði til bóta fyrir börn, foreldra og starfsmenn.

Þann 9. október var kosið í nýtt foreldraráð og stjórn foreldrafélags. Foreldraráð fundaði 3 sinnum á árinu þar sem leikskólastjóri kynni ráðinu ýmis málefni skólans. Eins og undanfarin ár var mikill og góður stuðningur af starfsemi foreldrafélagsins og þeirra skipulag gekk vel.

Í byrjun skólaárs var tekið upp kynningamyndband með lesnum texta, myndbandið var sett á heimasíðu leikskólans. Myndbandið gefur gott yfirlit um starfið í Björtuhlíð.

Í Björtuhlíð í Grænuhlíð var öflugt leikskólastarf. Áfram var haldið með vísindaleiki og vísindastarf á eldri deildum. Breytt skipulag á listasmiðju, skapandi starf barnanna skilaði góðum árangri.

Börnunum gefst nú kostur á að ákveða sjálf hvað þau vilja skapa í listasmiðju. Á deildunum var útbúin

betri aðstaða til listsköpunar. Óskað var eftir því við rekstaraðila að fá breytingu á skipulagi húsnæðis í Furuhlíð. Það reyndist ekki mögulegt í ár en verður gert á næsta ári. Umbætur voru gerðar í Grenihlíð, skipt var um gólfdukk á allri deildinni og hún máluð að hluta. Endurnýjaður var gólfdukkur á stiga niður í kjallara. Settur var upp nýr vaskur í listasmiðju.

Talsverðar breytingar urðu í starfsmannahópnum. Þegar verkefnastjóri sem starfað hafði í ár hætti, var Kristín Gunnarsdóttir ráðin aðstoðarleikskólastjóri. Fimm starfsmenn fóru í fæðingaorlof. Tveir starfsmenn voru í langtímaveikindum í 4 til 6 mánuði. Það er ánægjulegt að í ár fjölgaði karlmönnum í Björtuhlíð, um tíma voru þeir sjö, sem er um tæplega fjórungur af starfs mannafjöldanum. Tveir af þeim voru sumarliðar.

Í apríl fór starfsmannahópurinn í náms- og kynnisferð til Stokkhóms. Ferðin var vel heppnuð og hefur strax haft örvandi og hvetjandi áhrif á starfið. Á deildastjórafundi í maí var valið í fagråd sem hefur þann tilgang að samræma búnað og umhverfi á deildanna. Einnig var valið í skráningaråd sem hefur það markmið að samræma skráningar milli deilda og setja upp vikuskipulag fyrir hverja deild. Sjá í viðhengi greinagerð um ferðina.

Nokkrir starfsmenn komust ekki í Stokkhólmsferðina. Þeir fengu námskeið frá MML um málþroska barna og námskeið frá SFS um foreldrasamstarf. Einnig heimsótti þessi hópur tvo leikskóla í Reykjavíkurborg.

Á skólaárinu voru engin börn með skilgreinda fötlun og ekkert barn með stuðningstíma. Hópur barna þurfti þó á sérstakri málörvun að halda bæði í hóp og hjá talmeinafræðingi. Það var mjög góð breyting að fá talmeinafræðing í leikskólann, bæði til að meta stöðu málþroska barna og einnig til að vinna með barnið í samvinnu við foreldra og kennara.

Vegna nýrra laga um persónuvernd voru upplýsinga fundir stjórnenda vegna öryggismála og skráninga. Bjartahlíð hefur skilað inn öryggisáætlun og vinnsluskrá.

Gerðar hafa verið miklar breytingar á geymslu og meðhöndlun trúnaðargangna. Keyptar voru læstar hirslur á deildir og skjalaskápur á skrifstofu. Foreldrar skrifuðu undir nýtt samþykktarblað vegna myndatöku og myndbandsupptöku.

Kennarar elstu barna í Grenihlíð voru með tvo kennaranema í verknámi. Annan á haustönn, hann var nemi í HÍ og hinn á vorönn hann var nemi í HA

Við fengum mikinn fjölda af leikskólakennurum í heimsókn. Kennarar komu til að skoða ungbarnadeildina til að fá upplýsingar um breytingarferlið, búnað og skipulag. Kennarar komu einnig til að kynna sér vísindastarfið á eldri deildum.

Bjartahlíð tók þátt í tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar um sumaropnun leikskóla, einn leikskóli í hverju hverfi var opin í sumarlokun leikskólanna.

3 Innra mat

Mat á innra starfið var gert júní með þeim hætti að starfsfólk svaraði spurningum - Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs.

Furuhlíð, Birkihlíð, Reynihlíð og Grenihlíð svöruðu spurningum úr kafla **Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna**

Vísbendingar
Börnum er gefið tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins.
Börnin hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda (hópastarf, valstund, samveru o.s.frv.).
Börnin eru hvött til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum.
Starfsfólk er tilbúið að hlusta á börnin, ræða við þau og virða sjónarmið þeirra.
Leitað er eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær.
Börnin koma reglulega að mati á leikskólastarfi. ¹⁹
Leitað er leiða til að fá fram raddir barna sem enn hafa ekki öðlast næga færni í tungumálinu. Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að fá fram sjónarmið barna.
Jafnrétti og jöfn hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfi á deildum.
Í samvinnu við börnin er leitast við að taka þátt í samfélagsverkefnum, s.s. umhverfisvernd og góðgerðarstarfsemi.
Börnin hafa val um viðfangsefni í skipulögðum stundum og frjálsum leik.
Börnin hafa val um fjölbreytt viðfangsefni.
Viðfangsefni höfða til margvíslegra áhugasviða barna.
Komið er til móts við börnin þegar þau langar að skipta um viðfangsefni.
Sjálfsprottnum leik og athöfnum barna er gefið nægjanlegt svigrúm.

Reynihlíð

Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Börnum er gefið tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins. Innan ákveðins ramma fá þau val t.d. um viðfangsefni í frjálsum leik og skapandi starfi.

Börnin hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda (hópastarf, valstund, samveru o.s.frv.). Já við reynum að leyfa þeim að hafa áhrif á hvað er gert og hvernig.

Börnin eru hvött til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum. Að einhverju leiti já en gæti verið skipulagðra.

Starfsfólk er tilbúið að hlusta á börnin, ræða við þau og virða sjónarmið þeirra. Við gerum okkar besta í því.

Leitað er eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær. Já í skapandi starfi og í leik.

Börnin koma reglulega að mati á leikskólastarfi. Við höfum tekið viðtöl við börn að vori (ekki þetta ár) þar sem þau voru spurð hvað þeim fyndist skemmtilegast og hverju þau vildu breyta.

Leitast er leiða til að fá fram raddir barna sem enn hafa ekki öðlast næga færni í tungumálinu. Fá börn hafa verið hjá okkur það ung eða mállaus erlend.

Fjölbreyttar leiði eru farnar til að fá fram sjónarmið barna. Við hlustum á þau og tökum tillit til óska þeirra. Og þau fá að kjósa líka.

Jafnrétti og jöfn hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfi á deildum. Börnum er ekki mismunað nema mismunandi viðfangsefni eftir aldri. En börnin velja sér mismunandi verkefni eftir áhugasviði.

Í samvinnu við börnin er leitast við að taka þátt í samfélagsverkefnum s.s. umhverfisvernd og góðgerðarstarfsemi. Við ræðum um umhverfisvernd. Að sóa ekki mat og endurvinna pappír og tína rusl svo umhverfið verði hreint. Við höfum lítið verið tekið þátt í góðgerðarstarfsemi.

Börnin hafa val um viðfangsefni í skipulögðum stundum og frjálsum leik. Já sérstaklega í frjálsum leik og tekið tillit til óska þeirra í skipulögðum stundum.

Börnin hafa val um fjölbreytt viðfangsefni. Já

Viðfangsefni höfða til margvíslegra áhugasviða barna. Já og við reynum að bæta við viðfangsefnum eftir óskum barnanna.

Komið er til móts við börnin þegar þau langar að skipta um viðfangsefni. Já þau mega skipta en ganga auðvitað fyrst frá.

Sjálfsprottnum leik og athöfnum barna er gefið nægjanlegt svigrúm. Já frjáls leikur er mikið í boði og börnin stjórna leiknum.

Grenihlið

Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Kennarar á deildinni hafa haft lýðræði, jafnrétti og virka þátttöku barna að leiðarljósi í starfinu sí. vetur. Börnin hafa haft ýmis tækifæri til að koma að skipulagningu leikskólastarfsins og útfærslu ýmissa verkefna.

Með því að hafa flæði í matartímum eru börnin frekar við stjórn og fá meira sjálfþæði. Þau skammta sér sjálf, velja sér sæti og og geta tekið þann tíma sem þau þurfa til að matast. Þau börn sem eru fljót að borða þurfa ekki að bíða eftir að allir séu búnir. Börnin tóku þátt í að meta matartíma þegar um fjögurra mánaða reynsla á nýju fyrirkomulagi lá fyrir. Matið kom vel út m.t.t. breytinga og verður því haldið áfram á sömu braut.

Listakrökurinn okkar inn á deild gekk vel eftir breytingar. Við bættum við skúffuhillu með fjölbreyttum efnivið sem börnin mega ganga í og nýta sér í listsköpun. Börnin fá að fara niður í Listasmiðju og velja efnivið í skúffurnar. Einnig eru lím og málning orðin aðgengilegri fyrir börnin. Í upphafi breytinga sat kennari oft við borðið til að hvetja börnin til að skoða og nýta sér efniviðinn á fjölbreyttan hátt. Börnin eru nú farin að koma með fjölbreyttan efnivið að heiman sem þau hafa svo ákveðnar hugmyndir um hvernig þau vilja nýta í listsköpun í leik við borðið í listakrök. Kennarar hvetja börnin áfram og aðstoða þau við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Listsköpun á deildinni er nú fjölbreyttari eftir þessar breytingar og börnin mun sjálfstæðari í vinnubrögðum.

Börnin á deildinni hafa orðið meira um það að segja þegar eitthvað stendur til þá er kosið um það eða skráðar niður óskir barnanna.

Breyting hefur orðið á vinnu við Jólagjafir og öskudagsbúninga. Börnin fá að velja hvað þau vilja gera og kennarar hjálpa þeim að útfæra hugmyndir sínar. Vinnan er svo skráð með myndum og frásögn.

Sú breyting var gerð hjá okkur í fyrra vetur að börnin fengu að velja hvort þau vildu hlusta á sögu eftir hádegisverðinn eða fara beint út. Þessi breyting hefur mælst vel fyrir og hefur leitt til þess að sögustundir eftir hádegisverðinn eru rólegri, börnin áhugasamari og hlustun og einbeiting betri.

Orðið er laust köllum við viðburð þegar púlt er sett upp í samverustund og börnin mega koma og segja frá einhverju sem liggur þeim á hjarta. Það er vinsælt hjá börnunum að koma upp og tjá sig.

Birkihlíð

Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Starfið á Birkihlíð veturinn 2018-19, er metið út frá meginþáttum menntunar eins og þeir koma fyrir í aðalnámskrá leikskóla, leiðbeinandi matsspurningum og völdum þáttum úr menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Læsi er sá námsþáttur sem við erum ánægðust með. Á deildinni er mikil áhersla lögð á hann í víðu samhengi. Daglega er sungið og lesið með nemendum í 2x20-30 mín. samverustundum. Einnig er lesið fyrir smærri hópa og einstaklinga þegar færi gefst. Í hverri viku er unnið með íslensku mállhljóðin gegnum fjölbreytt námsefni um hundinn Lubba. Með námsefninu um Lubba fór tuskuhundurinn Lubbi í heimsókn til hvers nemenda á deildinni og þurfti hann að gera grein fyrir heimsókninni í máli og myndum fyrir samnemendur. Í verkefninu Barn vikunnar komu nemendur einnig með leikfang/leikföng að heiman til að sýna hópnum og segja frá.

Umbótaáætlun Birkihlíðar fólst í að gera enn betur og megin markmið hennar fyrir deildina var að bæta orðaspjalli við þá málörvunarvinnu sem þegar var í gangi. Ytri þættir ollu því að ekki náðist að framkvæma áætlunina eins og lagt var upp með. Við gefumst ekki upp og næsta vetur verður orðaspjall hluti af þeim verkefnum sem unnin verða á deildinni.

Í daglegu skipulagi er kennsla um hreinlæti sinnt. Salernisferðum og handþvotti.

Nemendur skiptast á að vera þjónar, leggja á borð, sækja matinn og bjóða til borðs.

Sjálfsþing var námsþáttur sem starfsfólk leikskólans ákvað að efla með nemendum í sínu starfi. Einn liður í þeirri vinnu á Birkihlíð var að tvískipta barnahópnum í hádegismatnum. Nemendur skömmtuðu sér sjálfir af matarvagni, völdu sér sæti og að lokinni máltíð skiluðu þeir matarílátum. Skiptar skoðanir eru á deildinni um ágæti þessarar tilhögunar. Ákveðið var í framhaldinu að skipa börnum til sætis að hausti en sjá til og taka aftur upp n.k. flæði síðar næsta vetur.

Nemendur á deildinni hafa frjálstan aðgang að leikefni. Stofur deildarinnar skipulagðar þannig að efniviður sé aðgengilegur. Nemendur læra að ganga um leikefni á deildinni og ganga frá eftir sig að leik loknum.

Í vetur unnu nemendur verkefni með könnunaraðferðinni um sjóinn og allt sem hann hefur að geyma. Verkefnið tókst vel og börnin voru einstaklega áhugasöm.

Fyrir öskudaginn bjuggu nemendur til sína eigin búninga. Ræddu hvað þau vildu vera, teiknuðu mynd af búningi sem þau hugsuðu sér að búa til. Loks fengu þau aðstoð við að búa til sinn eigin búning fyrir öskudaginn. Ferlið tók um mánuð og var lærdómsríkt.

Starfið á Birkihlíð síðasta vetur var fjölbreytt og skemmtilegt. Næsti vetur kemur með nýjar áskoranir og starfsfólk og nemendur Birkihlíðar eru tilbúnir að takast á við þær. 😊

Furuhlíð

Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Börnin í Furuhlíð eru flest um 2ja ára og tjá sig ekki mikið munnlega. Við reynum að lesa í það hvernig þau raða sér niður í leikhópa og finna áhugasvið og skipuleggjum starfið eftir því. Einnig t.d.

salernisferðir: Til að minnka biðtíma ekki láta þau bíða í röð heldur hafa verkefni (lesa bækur, byggja..). Þ.e.a.s. fyrir mat, hvíld eða ferðir.

Börnin fá að hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda td með því að velja um hvaða bækur eru lesnar í samveru, tvær til þrjár bækur í boði. Einnig um val á sönglögum. Þau geta oftast valið sér leiksvæði og leikefni. Þegar listsköpun er í gangi þá geta þau valið sjálf hvort þau vilja taka þátt í því starfi eða ekki.

Börnin eru hvött til að tjá sig og deila reynslu sinni t.d. í samverustundum við matarborðið og á öðrum tímum yfir skóladaginn .

Í öllu daglegu starfi og leik reynum við að gefa okkur tíma til að hlusta á börnin og setja okkur í þeirra spor og skilja þeirra sjónarmið .

Metum hvernig börnin hafa upplifað t.d. gönguferð, skemmtanir í skólanum með því að taka eftir áhuga þeirra og ánægju. Ekki eru gerðar markvissar skráningar en ljósmyndir sem teknar eru gefa góðar vísbendingar.

Hlíð og Holt ungbarnadeildir svöruðu spurningum úr kafla **Uppeldi menntun og starfshættir**

Vísbendingar

Skipulögð viðfangsefni og leikur tekur mið af hæfileikum og námsþörfum barna.
Svigrúm er til að mæta hreyfiþörf barna í leik og samskiptum.
Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börn.
Starfsfólk notar virka hlustun í samskiptum við börn.
Starfsfólk nýtir daglegar athafnir til náms og samskipta.
Starfsfólk bregst við og nýtir viðbrögð og áhuga barna.
Á meðan á verkefnum stendur þróar starfsfólk þau eftir þörfum.
Námsleiðir henta vel þörfum og færni hvers barns.
Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í leik barna þegar það á við.
Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börn og myndar tengsl við þau í gegnum leik.
Starfsfólk hefur yfirsýn og gætir þess að hvert barn fái að njóta sín.

Hlíð og Holt

Við teljum að skipulagt starf á deildunum taki mið af þörfum yngstu barnanna

Útivera 1-2svar á dag og í miðrými skólans er nóg svigrúm til að mæta hreyfiþörf barnanna. Sérstakir hreyfidagar verða 2svar í mánuði næsta haust.

Það er vel tekið á móti börnunum á morgnanna. Á heildina litið einkennir umhyggja starfsfólks samskiptin við börnin.

Ætlum að bæta okkur í því að hlusta betur á það sem börnin eru að segja t.d með líkamstjáningu. Nýtum virka hlustun.

Daglegar athafnir eru nýttar til náms og samskipta Við setjum orð við okkar daglegu athafnir og myndum þannig samskipti við börnin. Við mættum hins vegar gera meira af því í fataherberginu. Minna hvort annað á að gefa okkur tíma.

Við þróum verkefnin eftir áhuga, aldri og þörfum barnanna. Við tökum tillit til hvers barns og leyfum öllum að njóta sín.

Umbótaáætlun Holt og Hlíð

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Til viðmiðunar við annað starf ætlum við að bæta við hreyfidögum tvisvar í mánuði	Aukin hreyfing	Gera þrautabraut úr holukubbum, húllahringir Jafnvæggisslá, boltar, ormurinn, tónlist,dans	Haust vetur 2019/2020	Báðar deildir Holt og Hlíð	Metið á deildarfundi deildastjórar fundi, með því að ígunda.	Bæta hreyfiþroska barnanna.
Í matarf og kaffitíma ætlum við að halda áfram að lofa börnunum að ganga frá eftir sig	Sjálfs hjálp	Hvatning og leyfa þeim að gera sjálf	Sumar /haust 2019/2020	Báðar deildir Holt og Hlíð	Metið á deildarfundi deildastjórar fundi, með því að ígunda.	Að efla sjálfs hjálp
Virka starfsfólk í útiveru, sérstaklega á efra svæðinu	Að auka ábyrgð starfsfólks	Allt starfsfólk sé virkt og fari um svæðið. Að allir séu meðvitaðir um sameiginlega ábyrgð.	Sumar /haust 2019/2020	Deildastjórar	Metið á deildastjóra fundi	Að ábyrgð deilist jafnt á alla.

Mat sérkennslustjóra í Björtuhlíð

Það sem einkennir s.l. skólaár er hversu fá börn þurftu á stuðning/ sérkennslu að halda. Einungis eitt barn var með einn stuðningstíma á dag frá s.l. hausti, sem sérkennslustjóri tók að sér og frá áramótum ekkert barn. Tvö börn sem voru með fullan stuðning útskrifuðust s.l. vor. Þau börn voru með sitt hvorn stuðningsfulltrúan. Börn sem höfðu stuðning hvort sem það væri í flokki 1 eða 2 höfðu áætlun um snemmtæka íhlutun, einstaklingsáætlun og markmið sem voru unnin út frá ýmsum matskerfum/ listum, eins og t.d. A.P.E.S-, T.R.A.S og Íslenska þroskalistanum. Einstaklingsáætlun og markmið voru endurskoðuð með vissu tímabili, oft í framhaldi af deildar- og teymisfundum með foreldrum og Þjónustumiðstöð Vestur- Miðborgar og Hlíða. Þessu fyrirkomulagi verður haldið áfram eftir þörfum hverju sinni enda hefur það reynst vel. Hegðunarráðgjöf frá Þjónustumiðstöðinni hefur verið fengin fyrir 3 börn, bæði heima fyrir og í leikskólanum. Tvær Tilvísanir voru lagðar inn í vetur og nýlega var send inn tilvísun fyrir eitt barn og þrjár verða lagðar inn á næstunni. Þannig að líklega verður þörf fyrir stuðningsfulltrúa á næsta ári. Gott samstarf með foreldrum er mjög mikilvægt og við leggjum mikla áherslu á það og tengjum þá inn í okkar starf eins mögulega mikið og hægt er.

Einnig er a.m.k. árlega Samráðsfundur þar sem fagfólk frá þjónustumiðstöð, allir deildarstjórar leikskólans, skólastjóri og sérkennslustjóri fara yfir, ræða um og gera áætlun fyrir þá einstaklinga sem þurfa úrræði hverju sinni.

Sú góða breyting varð á að Talmeinafræðingar frá þjónustumiðstöð okkar hverfis, komu í leikskólann í haust og mátu þau börn sem send hafði verið tilvísun fyrir (aðallega vegna framburðar) Þau börn sem fá tilteknar niðurstöður eiga rétt á þjónustu frá talmænafræðingum í nokkur skipti oftast 6-8 tíma. Sérkennslustjóri setti sig inni þá þjálfun sem verið var að vinna að hjá hverju barni og tók börn í auka tíma fyrir utan tímana sem talmeinafræðingarnir veittu. Þetta fyrirkomulag hefur reynst og gengið mjög vel.

Fyrir áramót tók sérkennslustjóri að sér 50% stöðu sem deildarstjóri þar sem það var svo lítil þörf fyrir sérkennslu. Það var góð reynsla og það er mikilvægt fyrir sérkennslustjóra að vera eins mikið og hægt er í miklum og góðum tengslum við öll börnin á leikskólanum eins og öllu starfsfólki skólans.

Sérkennslustjóri var í langtímaveikindaleyfi drjúgan tíma af vetrinum svo að sumt var ekki framkvæmt af því sem áætlað var að gera eins og t.d. féll hluti af því sem var verið að gera í málörvun barnanna niður og það vantaði stundum upplýsingar til starfsfólks hvarrar deildar, um hvað væri verið að þjálfva hjá hverju barni fyrir sig. Það skiptir svo miklu máli að starfsfólk viðkomandi barns hverju sinni, taki þátt og það sé vel upplýst um hvað verið er að gera.

Áhersla er lögð á að starfsfólk sæki sér menntun og nýjungar í starfi. Sérkennslustjóri sótti bæði námskeið og fór á ráðstefnu á s.l. vetri ásamt að fara í vettvangsferðir í aðra leikskóla, sem er alltaf nýtanlegt, í því fjölbreyta, skemmtilega og umfangsmikla starfi sem sérkennslustjóri sinnir.



Umbótaáætlun Grenihlíð

Umbóta þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgð araðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Samveru stundir Aukinn lestur	Að börnin verði meiri þátttakerur í samverustundum.	Með því að hafa hópana minni gefst hverjum og einum frekar færi á að tjá sig.	Veturinn 2019 - 2020	Deildarstjóri	Börnin fá spurningar um þátttöku sína í samverustundum í nóvember og apríl. Starfsfólk ræðir stöðuna á deildarfundi í nóvember og aftur í apríl.	Börn virkari. Allir fá að tjá sig.
	Að auka lestur og frásögn á deildinni.	Bæta við samveru þar sem börnin fá að njóta lesturs og frásagnar. Börnin fá að velja um að hlusta eða sinna öðrum verkefnum.	Veturinn 2019 - 2020	Deildarstjóri	Börnin fá spurningar um sögustundir í nóvember og apríl. Starfsfólk ræðir stöðuna á deildarfundi í nóvember og aftur í apríl.	Fleiri stundir þar sem börnin fá að hlusta á sögur og njóta frásagnar.

Umbótaáætlun Sérkennsla

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta? Fjá auka stuðning fyrir þau börn sem eru í ferli með tilvísun inni hjá Þjónustumiðstöð. Auka gæði á samvinnu milli starfsfólks og einnig að foreldrar séu virkir þátttakendur í því sem er verið að vinna með, hverju sinni.	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Markvissu og góðu samstarfi á milli starfsfólks, Talmeinafræðingar komi inn í starfsemi skólans og öllum börnum sem greinast	Allir starfsmenn skólans þekki vel til barnanna. Gott foreldrasamstarf. Senda tilvísanir, Sækjum	Skólaárið 2019-2020.	Reykjavíkurborg, skólastjóri, sérkennslustjóri, deildastjórar og allt starfsfólk skólans.	Daglegt „símat“ Endurmat verði reglulega, gæti verið skoðað á skipulagsdögum, í undirbúningstíma, deildarfundum, teymisfundum Gátlistar og ýmiss matskerfi sem til eru eins og t.d. APES, TRAS, Íslenski þroskalistinn, Hljóm og fleiri matskerfi.	Einstaklingsnámskrá, mats og færnilistar. Teymisfundir með foreldrum, deildarfundir og almennt góðar upplýsingar á milli starfsmanna. Einnig milli foreldra og skóla.

	með frávík sé sinnt. Sjálfsefning og lýðræði.	stuðning fyrir þau börn sem þurfa				



Umbótáætlun Reynihlið

Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Markvissara skapandi starf á deildinn og skráning á því.	Að skapandi starf verði skipulegra eftir standi skráningar um starfið á þemaverkefnum	Skipuleggja a betur á deildarfundum hvað á að gera og hvenær	Vetur 2019-2020	Deildastjóri	Vor 2020 eiga að standa eftir skráningar sem lýsa skapandi starfi vetrarins. Símat á deildarfundum	Að skipulagt þemastarf sé sýnilegt í persónumöppum að vori
Lýðræði	Hlusta betur á raddir barnanna	Viðtöl við börnin um hvernig þau vilja hafa starfið	Vetur 2019-2020	Deildarstjóri	Vor 2020	Eftirstand verkefni (blað í möppu)Hvað finnst mér skemmtilegast hverju myndi ég vilja breyta.
Sjálfsþing	Að börnin verði meira sjálfbjarga og efla sjálfstraus þeirra	Að hvetja börnin til að reyna að leysa vandamál in sjálf fyrst. T.d í fataklefa, í matartím a og leik	Vetur 2019 - 2020	Deildastjóri	Vor 2020 Símat á deildarfundum	Að öll börnin reyni sjálf að bjarga sér áður en þau biðji um hjálp og þau fái tækifæri til þess.



Listasmiðja í Grænuhlíð - Mat listgreinakennara

Ég tel að við höfum náð þeim markmiðum sem við settum, þ.e. að auka val/lýðræði barnanna í listaskála. Fólst sú vinna aðallega í tveimur verkefnum sem tóku allan veturinn. Annars vegar var það að velja úr nokkrum mismunandi efniviði og búa til jólagjöf handa foreldrum. Hins vegar að velja sér „fígúru“ og búa til búning fyrir öskudag.

Í stuttu máli tel ég besta viðmið um árangur sú gleði sem lýsti úr andlitum barnanna þegar vinnunni var lokið og þau gátu virt fyrir sér afraksturinn.

4 Ytra mat

SFS gerðu viðhorfskönnun starfsmanna í mars 2019

Meðalskor allra þátta var hækkaðu úr 4,00 í 4,02

Lykilþættir 2018 / 2019

Árið	2019	2018
Hæfir áhugasamir starfsmenn	4,09	4,05
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	3,95	4,05
Árangursríkur stjórnunarhættir	4,13	3,83

Ekki mældust áreitni eða einelti meðal starfsmanna aðeins einn lykilþáttur hafði lækkað þ. e. hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi. Nú er tækifæri fyrir Björtuhlíð að skoða hvernig hægt er að hafa starfsumhverfi meira hvetjandi og jákvætt .

Foreldrakönnun var gerð í mars 2019

Niðurstaða könnunar var góð, en flestir lykilþættir færast örlítið niður frá síðustu könnun.

Lykilþættir 2018/2019

Samanburður

Bjartahlíð

Heild (allir leikskólar)

Árið	2019	2019
Barninu líður vel í leikskólanum	4,49	4,60
Tel barnið mitt vera öruggt	4,51	4,58
Notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft	4,50	4,56
Skólanum vel stjórnað	4,29	4,38

Af þessu má sjá að við höfum verka að vinna og efla stafið enn betur. Foreldra höfðu tækifæri til að koma með ábendingar um það sem betur má fara. Tekið verður tillit til þeirra ábendinga

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Foreldrakönnun	Auka og bæta starfið í Björtuhlíð	Efla fagþekkingu og foreldra samstarf	2019-2020	Leikskólastjóri	Foreldrakönnun 2020-2021	Að börn og foreldra séu ánægð með leikskólastarf ið
Viðhorfskönnun starfsmanna	Að starfsmenn sé ánægðir í stafi	Efla liðsheild og samstarf	2019-2020	Leikskólastjóri	Viðhorfskönnun 2020- 2021	Að ánægja starfsmanna aukist

5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru tekin á tímabilinu mars til maí.

Námskeið og ný þekking.

- Tveir starfsmenn voru í leikskólakennaranámi með vinnu.
- Sérkennslu stjóri sótti námskeið í Apes hjá Greiningar-og ráðgjafstöð ríkisins og námskeið í Tras hjá Endurmenntun HÍ.
- Leikskólastjóri sótti forystunám sem rekstraraðili skipulagði.
- Tveir starfsmenn fóru á námskeið hjá Vinnueftirlitinu umvinnuvernd.
- Tveir deildastjórar ungbarndeilda voru þátttakendur í lærdómssamfélagshópum MML á vorönn 2019.
- Einn erlendur kennari sótti Fjallkonunámskeið sem er starfs-og samfélagstengd íslenskukennsla.
- Stjórnendur sóttu ráðstefnuna „Sá sem er glaður er góður“ ráðstefnan var á vegum SFS
- Á skiplagsegi 12. nóvember 2018 fjallaði Gunnur Árnadóttir leikskólastjóri í Garðaborg um lýðræði barna.
- Á skipulagsdegi 12. nóvember 2018 fjallaði Gunnlaugur Már Brim, sjúkrarþjálfari um líkamsbeitingu í starfi.
- Starfsmenn sem ekki komust í Stokkhólmsferðina fengu námskeið frá MML um málþroska barna og námskeið frá SFS um foreldrasamstarf. Einnig heimsótti þessi hópur tvo leikskóla í Reykjavíkurborg.
- Stafsmenn sem fóru í Stokkhólmsferðina fengu námskeið hjá Kremima er í Haninge kommun Kremina er sjálfbær miðstöð sem öllum leikskólum í komuninni gefst tækifæri á að nýta..

Skipulags dagar voru:

- 14. september- Starfsfólk undirbjó og skipulagði leikskólastarfið Haust /Vetur
- 12. nóvember Gunnur Árnadóttir – Lýðræði barna
Gunnlaugur Már Briem, sjúkrarþjálfari – líkamsbeiting í starfi.

- 1. mars Ásdís Olga kynnir innleiðingu nýrrar menntastefnu Mat á starfinu og undirbúningur foreldraviðtala.
- 24. og 26. apríl – Náms og kynnisferð- Skoðum leikskóla og hlustum á fyrirlestur
- 3 júní - Mat á starfinu og undirbúningur fyrir sumarstarfið

6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfsskóli Björtuhlíðar er Hlíðaskóli. Skólastigin hafa komið sér saman um þrjá sameiginlega starfsdagar á komandi skólaári. Þeir eru:

7. nóvember, 3. janúar og 17. febrúar

Samstarf við Hlíðaskóla er með þeim hætti að:

- Börn í 1. bekk koma í heimsókn í Björtuhlíð að hausti.
- Börn frá Björtuhlíð heimsækja Hlíðaskóla, taka þátt í kennslustund og nestistíma í 1. bekk.
- Börnum í Björtuhlíð er sýndur Hlíðaskóli
- Börnum í Björtuhlíð er boði á leikssýningu í Hlíðaskóla.
- Börn heimsækja frístundamiðstöð Hlíðaskóla og fá að hitta starfsfólk og leika sér.

Í maí funda deildstjórar elstu barnanna með kennurum og sérkennslustjóra væntanlegra nemenda, þar sem afhentar eru upplýsingar um nemendur til grunnskóla. Upplýsingar frá leikskólanum eru m.a. niðurstöður úr Hljóm-prófi og greiningar sem kunna að liggja fyrir.

7 Foreldrasamvinna

Foreldraráð Lög um leikskóla gera ráð fyrir að á hverju hausti sé kosið í þriggja manna foreldraráð að frumkvæði leikskólastjóra sem starfar með ráðinu. Foreldraráð skal gefa umsagnir um framkvæmd skólanámskrár og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans og fylgjast með framkvæmd þeirra. Kosið er til foreldraráðs á haustdögum þegar boðið er til foreldrafundar. Kosnir eru þrjár fulltrúar í foreldraráð Björtuhlíðar. Áætlað er að fulltrúar foreldraráðs skipti með sér verkum. Kosið var í foreldraráð 9. október 2018, kosnar voru fjórar mæður og tveir feður.

Foreldraráð fundaði þrisvar sinnum á starfsárinu.

Á sama fundi var kosið í nýja stjórn **foreldrafélags Björtuhlíðar**

Stjórnina skipuðu þrjár mæður og einn faðir. Þau stóðu sig afar vel í allri skipulagningu viðburða sem félagið stóð fyrir. Foreldrafélagið sér um að:

- Skipuleggja og sjá um jólaball
- Skipuleggja og sjá um að fá ljósmyndara í leikskólann
- Skipuleggja og sjá um sveita eða lautaferð
- Skipuleggja og kosta skemmtidagskrá á sumarhátíð Björtuhlíðar, sjá um að grilla pylsur.

Foreldraviðtöl Allir foreldrar fengu boð í viðtöl, í nóvember og mars.

Allir foreldrar barna sem innrituð voru í vor og byrja í haust fengu boð í viðtal áður en barnið byrjaði í leiksólanum.

8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í Björtuhlíð skólarárið 2019-2020 eru:

20. september

7. nóvember- Hlíðaskóli með skipulagsdag

3. janúar- Hlíðaskóli með skipulagsdag

17. febrúar Hlíðaskóli með skipulagsdag

30. mars

29.maí



9 Fylgigögn

- 9.1 Þróunarverkefni „Áfram við „ innleiðing nýrrar menntastefnu.
- 9.2 Vísindaleikir Varmi , þróunarverkefni.
- 9.3 Skýrsla námsferðar starfsfólks Björtuhlíðar
- 9.4 Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Björtuhlíðar

Arndís Bjarnadóttir

15. september 2019

Leikskólastjóri

Dagsetning



LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST



Áfram við!

Innleiðing menntastefnu í leikskólanum Björtuhlíð

Markmið

Að börn séu virkir þátttakendur í skólastarfinu

Að öll börn hafi rödd í leikskólanum (Að börnin hafi áhrif á leikskólastarfið)

Að efla sjálfstjórn og samskiptahæfni barna

Að börn hafi áhrif á eigið nám.

Að efla jákvæð samskipti í leikskólanum

Að börnin hafi val um verkefni, efnivið og vinnubrögð.

Leiðir

- Haldnir eru fundir þar sem allir fá að tjá sig.
- Börnin hvött til að tjá sig fyrir framan hóp.
- Börnin ræða og ákveða samskiptareglur.
- Börnin vinna verkefni sem reyna á sjálfstæði, samvinnu og sköpun.
- Börnin fá að koma með eigin hugmyndir að verkefnum í leikskólastarfinu
- Börnin setja sér námsmarkmið

Markmið fyrir starfsfólk

- Meiri þekking á þroska barna og samskiptum þeirra
- Að starfsfólk komi fram við börnin sem getumikla einstaklinga
- Styrkja fagmennsku og virkari hlustun

Leiðir

- Námskeið/fyrirlestur fyrir starfsfólk um félagsfærni og samskipti barna (Hrönn, Vanda sig. Kolbrún Baldurs)
- Að starfsfólk hvetji börnin ávalt áfram á jákvæðan hátt
- Starfsmannafundur um haust þar sem áætlun er kynnt
- Skipulagðar umræður í starfsmannahópnum

Haust

Börnin setja sér námsmarkmið að hausti. Skráð af kennara í einstaklingsviðtali. Börnin kynna fyrir hinum hvað þau ætla að læra í vetur og hvernig. Rifjað upp og rætt yfir veturinn hvernig gengur. Morgunfundir eru haldnir á öllum deildum.

Mánaðarlegir fundir þar sem börnin á deildunum koma með hugmyndir að verkefnum sem verða í boði næsta mánuð. Verkefni eru td hvert skal fara í ferðir, hvað ætlum við að velja í matinn, verkefni í Listaskála og val á framhaldssögu svo dæmi séu tekin.

Verkefni tengd sjálfstjórn og félagsfærni eru t.d. Stig af stigi, klípusögur, ýmsar bækur og umræða um atvik sem koma upp í leikskólanum og þarfnast úrlausna. Einnig setja börnin sjálf reglur og skrifa niður og hengja svo upp.

Vor

Börnin í leikskólanum skipuleggja vettvangsferð. Börnin í elsta hóp velja og skipuleggja útskriftarferð. Yngri börn skipuleggja styttri ferðir um næsta nágreni leikskólans.

Mat

- Rýnihópar
- Spurningalistar

Símat verður í gangi meðan á verkefninu stendur. Rýnihópur sem saman stendur af starfsfólki allra deilda kemur saman og metur árangur verkefnisins. Spurningalistar til alls starfsfólks verða lagðir fyrir í janúar og maí. Verkefnisstjóri og leikskólastjóri meta árangur.

Ath Sjálfsefning skapandi starf Jólagjafir og öskudagur. Hádegisverður, morgunverður og síðdegishressing þar sem börnin skammta sér sjálf og setjast þar sem þau vilja.

Yngri deildir flæði – velja sjálf verkefni passa að þau nái í efnivið/leikefni sjálf. Matartímar með hníf og gaffal Skammta sér að mestu leiti. Fataherbergi- gefa tíma til að þau fái að klæða sig sjálf.

September til desember 2019.

Fræðsla fyrir starfsfólk. Starfsmannafundur um félagsfærni og samskipti barna. Jákvæð skilaboð/hvatning sýnileg á veggjum skólans.

Börnin setja sér námsmarkmið að hausti. Skráð af kennara í einstaklingsviðtali. Börnin kynna fyrir hinum hvað þau ætla að læra í vetur og hvernig. Rifjað upp og rætt yfir veturinn hvernig gengur.

Morgunfundir eru haldnir á öllum deildum.

Mánaðarlegir fundir þar sem börnin á deildunum koma með hugmyndir að verkefnum sem verða í boði næsta mánuð. Verkefnin eru td hvert skal fara í ferðir, hvað ætlum við að velja í matinn, verkefni í Listaskála og val á framhaldssögu svo dæmi séu tekin.

Unnin verða verkefni tengd sjálfstjórn og félagsfærni t.d. Stig af stigi, klípusögur, ýmsar bækur og umræða um atvik sem koma upp í leikskólanum og þarfnast úrlausna. Einnig setja börnin sjálf reglur sem þau skrifa niður og hengja upp.

Börnin vinna verkefni þar sem reynir á sjálfstæði og sköpun. Verkefnin eru td vinna að jólagjöf fyrir foreldra.

Janúar til maí 2020.

Fræðsla fyrir starfsfólk um Sjálfsmynd barna og jákvæð samskipti. Verkefni sem efla liðsheild unnin með starfsfólki.

Börnin vinna verkefni sem reynir á sjálfstæði, samvinnu og sköpun. Búningagerð fyrir öskudagsskemmtun. Börnin í leikskólanum skipuleggja vettvangsferð. Börnin í elsta hóp velja og skipuleggja útskriftarferð. Yngri börn skipuleggja styttri ferðir um næsta nágreni leikskólans.

Upphæð styrks 1.227.000 kr.

Fræðsla, aðkeyptir fyrirlesarar 600.000 kr.

Laun vegna fundarsetu starfsmanna 200.000 kr.

Námsgögn 350.000 kr.

Efniskostnaður 127.000 kr.



Umsóknareyðublað B hluti

SAMSTARFSVERKEFNI

*Umsækjendur lesi vel reglur og leiðbeiningar áður en umsókn er fyllt út.
Skila skal umsóknum vegna grunnskóla, leikskóla, frístundastarfs og skólahljómsveita ásamt fylgiskjölum til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12 – 14 eða á netfangið sfs@reykjavik.is. Sjá upplýsingar um skilafrest á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.*

Starfsstaðir SFS sem eiga aðild að umsókninni, setjið X fyrir framan:

<input type="checkbox"/>	Grunnskóli
<input type="checkbox"/>	Leikskóli
<input type="checkbox"/>	Frístundamiðstöð
<input type="checkbox"/>	Skólahljómsveit

1. UMSÆKJANDI

Starfsstaður	Leikskólinn Bjartahlíð				
Verkefnisstjóri/ tengiliður	Arndís Bjarnadóttir Leikskólalastjóri	Sími	411-3601 411-3611	Netfang	arndis.bjarnadottir@reykjavik.is

2. SAMSTARFSADILAR (STARFSSTAÐIR SFS KOMA FYRST OG AÐRIR SAMSTARFSADILAR ERU TALDIR UPP Á EFTIR)

1.	Starfsstaður/ samstarfsaðili	Leikskólinn Stakkaborg				
	Tengiliður	Jónína Einarsdóttir	Sími		Netfang	Jonina.einarsdottir@rvkskolar.is
	Heimilisfang/ vinnustaður					
2.	Starfsstaður/ samstarfsaðili	Haukur Arason https://www.hi.is/starfsfolk/arason			Kennitala	2801624429
	Starfsheiti	Dósent	Sími	525-5382	Netfang	arason@hi.is
	Heimilisfang/ vinnustaður	Menntavísindasvið Háskóla Íslands				
3.	Nafn				Kennitala	
	Starfsheiti		Sími		Netfang	
	Heimilisfang/ vinnustaður					
4.	Nafn				Kennitala	
	Starfsheiti		Sími		Netfang	
	Heimilisfang/ vinnustaður					
5.	Nafn				Kennitala	
	Starfsheiti		Sími		Netfang	
	Heimilisfang/ vinnustaður					
6.	Nafn				Kennitala	
	Starfsheiti		Sími		Netfang	
	Heimilisfang/ vinnustaður					

3. HEITI VERKEFNIS (STUTTUR TITILL)

Vísindaleikir – Varmi og hitastig

4. ÍTARLEG LÝSING Á VERKEFNINU

Hverjar eru áskoranir verkefnisins sem talið er mikilvægt að bregðast við og af hverju?

Vísindaleikir eru verkefni sem byggja á þeirri meginhugmynd að sérhvert barn verði að vera virkur þátttakandi í að byggja upp sína eigin þekkingu í virku samspili við umhverfi sitt og samfélag og að leikskólakennarar gegni þar lykilhlutverki, þannig eru Vísindaleikir unnir samkvæmt þeirri nálgun að námsathafnirnar séu skapandi leikur frá sjónarhóli barnsins en séu tilraunir og athuganir á sviði náttúrufræða frá sjónarhóli leikskólakennara. Markmið Vísindaleikja er að efla læsi barna á náttúruvísindaleg viðfangsefni og örva athyglisgáfu þeirra hvað varðar náttúruvísindaleg fyrirbæri. Hingað til hafa verið þróaðir vísindaleikir sem tengjast margvíslegum fyrirbærum svo sem ljósi, stöðurafmagni, seglum, sól og tungli, og ýmsum eiginleikum efna. Þróunarstarfið á sér stað í samspili við vinnu á vettvangi og því efla Vísindaleikir náttúruvísindi í leikskóla og þekkingu á möguleikum í vinnu með börnum. (Haukur Arason og Kristín Norðdahl, 2005, 2006, 2009; Jóhanna Ingvarsdóttir, 2007; sjá jafnframt skjöl í facebook-hópnum Vísindaleikir: <https://www.facebook.com/groups/1235807303202027/>)

Í því verkefni sem hér er sótt um er hugmyndin að þróa verkefni sem ætluð eru að efla athygli og skilning barna á varma og hitastig sem eru viðfangsefni ekki hefur áður verið unnið með. Þróaðir verða als fimm Vísindaleikir: 1) Hitastig, 2) Hitastig í vatn breytist, 3) Hlutir hitna, 4) Ljós hitar og 5) Varmi hreyfist.

Haukur Arason og Kristín Norðdahl (2005). Vísindaleikir - þróunarverkefni um eðlisfræðikennslu í leikskólum. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Haukur Arason og Kristín Norðdahl (2006). „Heimurinn er allur rauður“ rannsókn á áhrifum eðlisfræðiverkefna á leikskólabörn. Uppeldi og menntun, 15(2), 49-67.

Haukur Arason og Kristín Norðdahl (2009). Vísindaleikir - Segulmang.

Jóhanna Ingvarsdóttir (2007, Fimmtudagur 8. febrúar). Litlir uppfinningamenn í vísindaleikjum. Morgunblaðið, p. 24.

Hver eru helstu markmið verkefnisins, hvernig endurspeglar þau þætti menntastefunnar og hver er væntanlegur ávinningur fyrir börn í skóla- og frístundastarfi?

Markmið verkefnisins er þróun fimm Vísindaleikja um varma og hitastig. Vísindaleikir efla náttúru og vísindalæsi barna og þar með skilning þeirra á umhverfi sínu og það hefur jafnframt sýnt sig þátttaka í verkefninum fjölga þeim möguleikum sem börn nýta sér í skapandi starfi. Ávinningur leikskólabarna yrði aukin fjölbreytni verkefna á sviði náttúrufræða og vísinda og hvatar til að vera virkir þátttakendur við uppbyggingu eigin þekkingar á þeim sviðum. Ávinningur leikskólakennara er efni sem nýta má til að vinna með börnum, aukin þekking og aukið sjálfstraust til að takast á við náttúruvísindaleg viðfangsefni í starfi með börnum. Afurðir verkefnisins verða lýsingar á fimm Vísindaleikjum um varma og hitastig ásamt með skýrslu um árangur verkefnisins.

Lýsið framkvæmd verkefnisins, aðferðum, verk- og tímaáætlun.

Þróun vísindaleikja á um varma og hitastig:

- 1) Greining á grundvallar eðlisfræðilegum hugmyndum og hugtökum er varða skynjanlega þætti sem tengjast varma og hitastigi. (Haukur)
- 2) Greining á rannsóknum á hversdagshugmyndum sem tengjast hljóði og varma. (Haukur)
- 3) Frumhönnun vísindaleikja um hljóð og varma í ljósi greininga 1 og 2. (Haukur)
- 4) Frumhönnun leikja borin undir leikskólakennara og endurhönnuð í framhaldi af athugasemdum þeirra. (Leikskólakennarar Björtuhlíð og Stakkaborg, Haukur)
- 5) Endurhannaðir vísindaleikir prófaðir í starfi með börnum (Leikskólakennarar Björtuhlíð og Stakkaborg)
- 6) Búin til endalega gerð vísindaleikja um hljóð og varma í framhaldi af reynslunni í starfi með börnum. (Haukur og leikskólakennarar Björtuhlíð og Stakkaborg)
- 7) Leikskólakennarar og rannsakandi meta árangur af vinnunni með börnunum. (Leikskólakennarar Björtuhlíð og Stakkaborg og Haukur)
- 8) Skýrsluskrif og settar upp lýsingar á Vísindaleikjunum fimm (Haukur)

Bókhaldsumsjón: Arndís Bjarnadóttir Leikskólastjóri

Stjórn: Arndís Bjarnadóttir leikskólastjóri, Jónína Einarsdóttir leikskólastjóri og Haukur Arason dósent HÍ.

Tímaáætlun:

- 1) og 2) í ágúst og september 2019; 3) í október 2019; 4) í nóvember og desember 2019; 5) í janúar og febrúar 2020; 6) mars og apríl 2020; 7) maí 2020 og 8) júní 2020.

Hvernig verða rannsóknir nýttar og tengdar verkefninu?

Eins og fram kemur að ofan eru rannsóknir í kennslufræði varmafræði og rannsóknir á hugmyndum barna lagðar til grundvallar frumhönnun Vísindaleikjanna. Í framhaldi af því eru skoðaðar hugmyndir og viðhorf leikskólakennara til viðfangsefnanna sjálfra og þess hvernig þeir telji að best sé að útfæra þau með börnunum. Að lokum eru Vísindaleikirnir prófaðir með börnum og reynslan skoðuð og metin. Á hverju stigi eru niðurstöður rannsókanna nýttar við endurhönnun leikjanna. Grundvallar aðferðin við hönnun Vísindaleikja er því það sem nefna mætti „Hönnunarrannsóknir á sviði menntunarfræða“ (e. Educational Design Research)

Hvernig verður árangur verkefnisins metinn og hvernig verða niðurstöður kynntar öðrum?

Árangur verkefnisins er metin í hverju skrefi og árangurinn nýttur við endurhönnun verkefnanna. Lokamat á árangri verkefnisins felst í athugun og mati rannsakenda og leikskólakennara á starfinu með börnunum.

Lýsingar á Vísindaleikjunum fimm verður dreift rafrænt m.a. í facebook-hópi Vísindaleikja, verkefniði verður kynnt leikskólakennaranemum við HÍ og verkefnið verður kynnt á málþingum og ráðstefnum svo sem Menntakviku og Málþingi um náttúrufræðimenntun.

5. Heildarfjárhæð umsóknar:	1.000.000,-	6. Heildarkostnaður:	1.300.000,-
------------------------------------	-------------	-----------------------------	-------------

7. Upphaf verkefnis og áætluð lok:	Ágúst 2019 til júní 2020
---	--------------------------

8. Útdráttur – (stutt lýsing á verkefninu byggð á því sem fram kemur í lið 4, hámark 200 orð)

Þróaðir verða als fimm Vísindaleikir sem ætlað er að efla orðaforða, athygli og skilning barna hvað varðar varma og hitastigi. Vísindaleikirnir sem þróaðir verða eru: 1) Hitastig, 2) Hitastig í vatn breytist, 3) Hlutir hitna, 4) Ljós hitar og 5) Varmi hreyfist. Grunhugsunin að baki verkefninu er að sérhvert barn verði að vera virkur þátttakandi í að byggja upp sína eigin þekkingu í virku samspili við umhverfi sitt og samfélag og að leikskólakennarar gegni þar lykilhlutverki. Markmið verkefnisins að efla athygli barnanna og skilning á náttúruvísindalegum hugmyndum og fyrirbærum sem tengjast varma og hitastigi. Vísindaleikir eru þróaðir samkvæmt þeirri nálgun að námsathafnirnar séu skapandi leikur frá sjónarhóli barnsins en séu tilraunir og athuganir á sviði náttúrufræða frá sjónarhóli leikskólakennara.

9. Sundurliðuð kostnaðaráætlun – (nánari sundurliðun á sér blaði ef þörf krefur)

Kostnaðarþáttur	Heildarkostnaður (þús. kr.)	Hluttur Þróunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur (þús. kr.)	Framlög annarra (ef við á)	
			Styrkur (þús. kr.)	Aðili
Laun umsækjenda	800.000,-	500.000,-	300.000,-	HÍ, Bjartahlíð, Stakkaborg
Efniskostnaður	500.000,-	500.000,-		
Aðkeypt þjónusta				
Annað (tilgr. í aths.)				
Athugasemdir:				
Heildar fjárhagsáætlun vegna þróunar vísindaleikja um varma og hitastig:				
Skipulagning 100.000 kr.				
Tæki og áhöld (verða eign leikskóla eftir að verkefni líkur): 500.000 kr.				
Faglegur stuðningur, þróunarstarf, gagnasöfnun og fundaseta fræðimanna. 350.000 kr.				
Gagnasöfnun, fundaseta, þróunarstarf og kynning leikskólakennara og leikskólastjóra 150.000 kr.				
Skýrsluskrif og kynning 200.000 kr.				
Samtals 1.300.000 kr.				

10. Fylgiskjöl: Heimilt er að skila fylgiskjöllum.

Fylgiskjöl geta t.d. verið:

- Gerð er krafa um að skila upplýsingum um eldri styrki sem tengjast verkefninu (ef við á).
- Ítarlegri kostnaðaráætlun.
- Upplýsingar um starfsmenn í verkefninu, starfsheiti þeirra, samstarfsaðila eða ráðgjafa, og upplýsingar um framlag hvers og eins.
- Nánari upplýsingar um með hvaða hætti verkefnið tengist rannsóknum eða samstarfi við rannsakendur.



Námsferð leikskólans Björtuhlíðar til Stokkhólms 24. – 27. apríl 2019.

Starfsáætlun Björtuhlíðar 2018-2019 gerir ráð fyrir að starfsmenn færu í náms-og kynnisferð erlendis.

Strax í haust var stefnan sett á að fara til Svíþjóðar/Stokkhólms þar sem við höfðum vitneskju um að þar væri unnið öflugt starf eftir hugmyndafræði Reggio Emilia. Það samræmist vel starfsáætlun Björtuhlíðar þar sem við viljum efla okkur í að starfa eftir þeirri hugmyndafræði. Einnig var markmið með ferðinni að stilla saman strengi og fá sameiginlega upplifun af leikskólastarfi þar sem Reggio fræðin eru kjarninn í starfinu.

Við fengum upplýsingar um leikskóla í Stokkhólmi sem getur af sér gott orð fyrir flott starf með Reggio hugmyndafræði að leiðarljósi. Það er leikskólinn Valvet í Kungsholmen í Stokkhólmi. Við leikskólann starfar íslenskur kennari, Anna Linda sem við settum okkur í samband við. Anna Linda leiðbeindi okkur með að finna annan góðan leikskóla sem starfar í anda Reggio og efnisveitu/remidu þar sem fram fer ma öflug endurmenntun fyrir kennara í sveitarfélaginu. Ákveðið var að fara á Astrid Lindgren safnið í Junibakken til að kynna okkur betur sögur þessa ástsælasta barnabókahöfundar Norðurlanda og þótt víðar væri leitað.

Skipuð var ferðanefnd og fjáröflunarnefnd. Ferðanefndin sá um að finna leikskóla og söfn til að heimsækja og leitaði tilboða í hótél og flug. Fjáröflunarnefnd skipulagði vinnu sem skilaði fjármagni í ferðasjóð.

Þegar starfsáætlun var kynnt fyrir foreldraráði, var sérstaklega kynnt að við stefndum að því að taka tvo samliggjandi skipulagsdaga í apríl vegna þessa. Það hentað mjög vel að taka daga sitthvoru megin við sumardaginn fyrsta því þannig fengum við þrjá virka daga í Stokkhólmi.

Ljóst var að ekki kæmust allir í ferðina svo skipulagt var námskeið og heimsóknir í leikskóla fyrir þá sem voru heima.

Sótt var um leyfi til SFS og fengin samþykkt að loka leikskólanum þessa daga. Sótt var um ferðaheimild fyrir alla.

Við lögðum af stað snemma morguns miðvikudagsins 24. apríl. Dagskráin byrjaði fimmtudaginn 25. Þá fórum við í

Miðvikudagur 24. apríl.

Brottför var frá leikskólanum í Stakkahlíð 19 kl. 04:30 þar sem rúta fór með okkur til keflavíkur.

Lending í Stokkhólmi kl.12:40. Stuttur fundur var haldinn á hótelinu en starfsfólk hafði frí til að skoða borgina það sem eftir lifði dags.

Fimmtudagur 25. apríl.

Allir voru samankomnir á hótelinu kl. 09:00 koma allir saman á hótelinu og haldið af stað í fyrstu heimsóknina. Gengið var til Junibakken þar sem Astrid Lindgren safnið er. Á safninu fengum við að stökkva yfir Helvítisgjána, kíkja í smíðakofann hans Emils og skoða Sjónarhól svo eitthvað sé nefnt. Heimsóknin endaði svo á ævintýralegrri för með söguvagni í gegnum helstu sögur Astrid Lindgren.

Eftir hádegismat Kl. 14:00 komu allir ferðafélagar saman á hótelinu og lögðu af af stað í leikskólann Valvet. Þegar í leikskólann var komið fékk Starfsfólk fyrirlestur um skólann, sögu hans og hvernig stefna Reggio Emilio endurspeglast í starfinu. Starfsfólk skoðaði svo leikskólann undir leiðsögn og kynnti sér verkefni sem unnin eru með börnum. Leikskólastarfið í Valvet fannst okkur spennandi og áhugavert. Verkefni er skipulögð fyrir viku í senn og settar upp spennandi stöðvar sem börnin geta valið að vinna á. Verkefnin og stöðvarnar endurspeglu áhuga barnanna. Fallegar stofur, tónlist, ljós, litir og náttúrumyndir sköpuðu ævintýrlega og örvandi stemmingu í skólanum. Áhugaverð og falleg nálgun verkefna. Valvet er svo sannarlega skóli þar sem leikur er að læra.

Föstudagur 26. apríl.

Kl. 7:30 var haldið af stað til að heimsækja leikskólann Syrenen sem er leikskóli í sveitarfélaginu Haninge sem er rétt fyrir utan Stokkhólm. Leikskólinn Syrenen starfar í anda Reggio Emilia og sjálfsefning, virðing og lýðræði vegur þungt í leikskólastarfinu en það er eitthvað sem við höfum verið að efla í okkar starfi í Björtuhlíð. Í Syrenen fengum við kynningu á sögu og starfi skólans. Í sveitarfélaginu sem Syrenen er í var nýlega gert mikið átak í skólamálum. Leik og grunnskólar þóttu ólíkir milli hverfa og gæðin ekki þau sömu. Lagt var af stað með mikið átak í skólamálum sem átti að miða að því að öll börn í sveitarfélaginu fengju góða menntun hvar sem þau búa og sama hver uppruni þeirra er. Verkefnið virðist hafa tekist vel og við fundum fyrir miklum metnaði. Allir skólar sveitarfélagsins tóku upp Reggio Emilia kennsluhætti og endurmenntun kennara og samræða milli kennara í mismunandi skólum er mikil. Okkur fannst margt líkt í starfi Syrenen og Valvet. Eins og í Valvet voru kennslustofur/deildir einstaklega fallegar, tónlist, ljós, litir og náttúrumyndir áttu líka þátt í að skapa góða náms- og leikstemmingu í skólanum. Áhugaverð og falleg nálgun verkefna. Valvet er svo sannarlega skóli þar sem leikur er að læra Syrenen er þó með betra útisvæði sem var nýtt á fjölbreyttan hátt.

Kremima er í Haninge kommun

Eftir hádegisverð í Haninge röltum við yfir í Kremima sem er sjálfbær miðstöð sem öllum leikskólum í sveitarfélaginu gefst tækifæri á að nýta. Börnin koma ásamt kennurum sínum í heimsókn. Í miðstöðinni er sköpuð er aðstaða þar sem leiksólabörn geta skoðað, rannsakað og kannað náttúrulegir hluti og gefið gömlum hlutum nýtt líf. Þarna geta börnin búið til og kannað náttúruna með allri mögulegri stafrænni tækni, svo sem vefmyndavélum, skjávarpa, smásjám og tölvum. Kremima býður upp á skapandi umhverfi og efnivið sem til fellur frá fyrirtækjum. Verkefnið er undir forystu Reggio kennara og listgreinakennara. Öll börn og kennarar í sveitarfélaginu nýta aðstöðuna. Kremima er með stóran sal sem er nokkurskonar miðstöð þar sem kennara koma saman miðla reynslu sinni og samræma störf sín.

Fylgiskjal 4

Starfsáætlun 2019 – 2020

Nafn leikskóla

Bjartahlíð

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Eygló Svala Arnarsdóttir

Jón Hjörtur Brjánsson

Hjalti Sigurðsson

Anna Ósk Sigurðardóttir

Guðrún Ólafsdóttir

Snæfríður Ólafsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Áætlanir eru raunhæfar og starfsemi fjölbreytt og metnaðarfull, starfsdagar vel nýttir. Sérstök ánægja er með fyrirhugað vísindastarf, í tengslum við vísindaleiki um varma. Það er jákvætt að leikskólinn taki þátt í Erasmus verkefni og við myndum gjarnan vilja fá nánari upplýsingar um það (gögn fylgdu ekki skýrslunni). Við myndum líka vilja fá upplýsingar um hvernig gengur að manna deildir; hvort mannekla sé enn vandamál og hvort deildarstjóri á Furuhlíð verði áfram í 50% starfi.

Við erum með tvær athugasemdir varðandi skýrsluna: Í mati Furuhlíðar fyrir síðasta starfsár kemur fram að börnin hafi flest verið um tveggja ára og tjáð sig lítið munnlega. Það er kannski staðan á þessu starfsári, en 2018-2019 voru börnin flest þriggja til fjögurra ára og vel fær um að tjá sig munnlega. Í umsögn um foreldrafélagið kom fram að sveitaferðin hefði tekist vel, en engin sveitaferð var farin síðasta starfsár.

Varðandi Reyhlið höfum við eina spurningu: Það kom fram að viðtöl við börnin hefðu ekki farið fram að vori eins og til stóð – hvers vegna var það? Eins höfum við eina almenna athugasemd. Það mætti betur samræma upplýsingaflæði til foreldra varðandi hvaða starf fer fram á hverri deild fyrir sig, t.d. með vikulegum tölvupóstum (eða jafnvel oftar). Eins viljum við hvetja til þess að það verði áfram kynningarfundir að hausti.

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 S	1 M	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M Annar í hvítasunnu	1 M
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 F kosning í foreldraráð	3 S	3 Þ	3 F Skipulagsdagur	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M foreldraviðtöl hefjast	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 M Frídagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S Pálmásunnudagur	5 Þ	5 F sumarahátíð	5 S
6 Þ	6 F	6 S	6 M skipulagsdagur	6 F kakó og piparkökur	6 M Brettándinn	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjómanna dagurinn	7 Þ
8 F	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M foreldraviðtöl hefjast	9 F Skírdagur	9 L	9 Þ foreldraviðt. nýjir forel.	9 F
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F Föstudagurinn langi	10 S	10 M	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F litlu jólin	12 S	12 M	12 F	12 S Páskadagur	12 Þ	12 F	12 S
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M Annar í páskum	13 M	13 L	13 M
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M skipulagsdagur	17 Þ afa og ömmukaffi	17 F	17 S	17 M Lýðveldisdagurinn	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M afa og ömmukaffi	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ útskriftarferð	19 F	19 S
20 Þ	20 F skipulagsdagur	20 S	20 M	20 F friðarstund	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ Barnamenningarhátíð	21 F Uppstigningardagur	21 S	21 Þ
22 F	22 S	22 Þ	22 F ljósadagur	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M Barnamenningarhátíð	22 F	22 M	22 M
23 F	23 M visindavika	23 M	23 L	23 M Þorláksmessa	23 F	23 S Konudagur	23 M	23 F Sumardagurinn fyrsti Barnamenningarhátíð	23 L	23 Þ	23 F
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Bóndadagur	24 M Bolludagur	24 Þ	24 F Barnamenningarhátíð	24 S	24 M	24 F
25 S	25 M	25 F Bangsadagur	25 M piparkökubakstur	25 M Jóladaur	25 L	25 Þ Sprengidagur	25 M	25 L Barnamenningarhátíð	25 M	25 F	25 L
26 M	26 F	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ piparkökubakstur	26 F Annar í jólum	26 S	26 M Öskudagur	26 F	26 S Barnamenningarhátíð	26 Þ útskrift elstu barna	26 F	26 S
27 Þ	27 F	27 S	27 M piparkökubakstur	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M	28 F piparkökubakstur	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F skipulagsdagur	29 M	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F			30 M skipulagsdagur	30 F	30 L	30 F
31 L		31 F		31 Þ Gamlársdagur	31 F				31 S Hvítasunnudagur		31 F